



Textagreining og
annað mat 2014

Sjálfsmatsskýrsla Grunnskóla Hornafjarðar



Hulda Laxdal Hauksdóttir

9.6.2014

Efnisyfirlit

Textagreining.....	2
Starfsáætlun	2
Skólanámskrá	2
Bekkjarnámskrár.....	2
Nám og kennsla	3
Samræmd próf	3
Íslenska	4
Stærðfræði	6
Annar árangur.....	8
Skólapúlsinn.....	9
Spjaldtölvuvæðing	10
Samantekt hvaða „ÖPP“ voru notuð.....	10
Hnökrar iPad vinnu	11
Kostir iPad vinnu.....	12
Næstu skerf og verkefni	12
Samantekt.....	12

Textagreining

Í sjálfsmati skólans eru ýmiss skráð gögn skoðuð og þau tengd könnunum eins og skólapúlsinum og samræmdum prófum.

Sú skoðun sem fram hefur farið á þeim gögnum sé hér er fjallað um hefur ekki verið sett upp sem markmiðs mælanleg í öllum tilfellum, heldur hefur verið leitast við að skoða gögn skólans til að uppfæra allar upplýsingar og hafa þær sem réttastar þannig að það sem í þeim stendur sé það sem verið er að gera í skólanum en ekki það sem við ætlum að gera. Á þetta helst við um námskrár og starfsáætlun. Ekki er í tengslum við þá vinnu greint frá einstökum breytingum (umbótum) sem gerðar hafa verið á framangreindum skjölum en nýjustu útgáfur þeirra er alltaf að finna á heimasíðu skólans þar sem þau eru aðgengileg til aflestrar auk þess sem hluti af starfsáætluninni er gefinn út í handbók á hverju hausti.

Aðrir þættir í skráðum texta eða útgefnum skjölum sem skoðaðir hafa verið sem hluti af sjálfsmati og greint verður frá hér eru niðurstöður samræmdra prófa og niðurstöður Skólapúlsins. Varðandi þessi gögn hefur starfsfólk sett fram þau markmið að vilja bæta hagi nemenda almennt, efla ánægju þeirra af lestri og eins að ná því að viðhalda eða bæta stöðu nemenda skólans á samræmdum prófum.

Hér á eftir er greint í stuttu máli frá því hvernig textagreiningunni hefur verið háttað og þar sem við á, til hvaða umbótaáðgerða hefur í framhaldinu verið ákveðið að grípa til.

Starfsáætlun

Á hverju vori er köflum starfsáætlunarinnar skipt niður og hópar starfsmanna yfirfara þá með það að leiðarljósi að uppfæra áætlunina fyrir næsta skólaár og gæta þess að samræmi sé á milli þess sem þar stendur og þess sem gert er í skólanum.

Starfsáætlunina er að finna á slóðinni: <http://www.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/>

Skólanámskrá

Endurskoðun og mat á skólanámskrá er unnið eins og starfsáætlunin en til viðbótar við það að starfsmenn yfirfari kafla í námskránni þá er deildarstjóri eldra stigs með yfirumsjón með því að halda utan um námskrána og vinnur þá vinnu í nánu samstarfi við skólastjórnendur.

Það tímabil sem sjálfsmatsáætlun þessi nær yfir hefur skólanámskráin verið birt sem „drög“ þar sem á tímabilinu var beðið eftir útkomu nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla sem gefin var út um mitt ár 2011. Þetta var gert þar sem starfsfólk skólans er og hefur verið að undirbúa innleiðingu hennar og margvísleg þróunarvinna hefur átt sér stað til að uppfylla og aðlaga starfið sem best að kröfum aðalnámskrárinnar. Skólanámskráin hefur verið uppfærð í takt við þá vinnu sem starfsfólk skólans hefur unnið. Miðað er við að haustið 2013 verði endurskoðun skólanámskrár í kjölfar útgáfu nýrrar aðalnámskrár lokið.

Skólanámskrána er að finna á slóðinni:

<http://www.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/namskra/>

Bekkjarnámskrár

Bekkjarnámskrár eru unnar af bekkjarkennurum og hafa þær verið endurskoðaðar fyrir hvert skólaár. Þar sem nýjar greinanámskrár komu út í mars 2013 verður mikil vinna lögð í að vinna nýjar bekkjarnámskrár á næstu misserum og er gert ráð fyrir að þær verði í vinnslu næstu tvö árin.

Bekkjarnámskrár er að finna á slóðinni:

<http://www.hornafjordur.is/grunnskoli/efni/skolastarfid/bekkjarnamskrar/>

Nám og kennsla

Hér á eftir er greint frá þáttum sem hafa verið skoðaðir og tengjast námi og kennslu. Er það rýni í samræmdu prófin og skólapúlsinn.

Samræmd próf

Hér er greint frá því hvernig niðurstöður samræmdra prófa hafa eftir rýni verið nýttar og þeim umbótum sem ráðist verður í í framhaldinu.

Eftir að niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir ár hvert ræða skólastjórar og viðkomandi bekkjarkennarar niðurstöðurnar auk þess sem viðkomandi kennari nýtir þær til að leita leiða til að efla stöðu hvers einstaklings. Auk þess er unnin rýnivinna kennara um leiðir til að bæta útkomuna.

Niðurstöður samræmdra prófa í Grunnskóla Hornafjarðar undanfarin ár hafa ekki verið ásættanlegar að mati skólastjóra, starfsmanna og skólafyrivalda í sveitarfélaginu. Niðurstöður hafa verið ræddar á fundum skólanefndar og skólaráðs. Skólinn hefur í greiningu sinni og umræðum um úrbætur lagt meiri áherslu á þann þátt sem snýr að árangri hvers árgangs á milli prófa í 4., 7. og 10. bekk frekar en að bera sig beint saman við aðra skóla. Þessar tölur gera það samt sem áður þar sem um er að ræða raðeinkun en hún segir til um það hvar meðaltal árgangsins raðast miðað við landsmeðaltal. Markmið skólans er að nemendur nái að lágmarki að viðhalda stöðu (virðisauka) sinni frá 4. upp í 10. bekk.

Að loknum prófunum 2013 var haldið áfram að bæta við samanburðartöflu með niðurstöðum samræmdra prófa og nær aftur til ársins 2003. Tafla 1 sýnir niðurstöður samræmdra prófa frá árinu 2003-2013. Á þessum tíma voru prófin sambærileg varðandi það að öllum var ætlað að taka þau (valþátturinn sem var áður við lýði var ekki lengur til staðar). Í töflunni er hver árgangur merktur með einum lit og er þannig fljótlegt að lesa úr töflunni niðurstöður allra þriggja prófa hvers árgangs. Sjá má í töflunni árangur fjögurra árganga sem hafa á þessu tímabili tekið samræmdu prófin í 4., 7. og 10. bekk.

Tafla 1

Niðurstöður samræmdra (könnunar-) prófa í Grunnskóla Hornafjarðar og forverum hans 2003 - 2013												Meðaltal 2003-2013
	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	
4. bekkur												
Íslenska	23,9	28,2	28,7	29,7	28,2	28,1	31	28,5	25,4	27,04	23,05	27,44
Stærðfræði	24,3	27,6	27,9	24,5	30,9	28,8	31,6	24,8	28,8	27,31	27,73	27,66
7. bekkur												
Íslenska	26	29,8	30,7	25,5	28,5	26	26,4	26,6	27,2	28,91	27,64	27,57
Stærðfræði	28,8	30,4	26,7	24,6	25,1	24,5	22,1	28	25,7	26,65	26,27	26,26
10. bekkur												
Íslenska	27,5	28,4	29,2	28	24,4	28,9	22,4	27,6	25,3	25,09	23,6	26,40
Stærðfræði	28,8	27,2	26,2	24	23,8	29,2	22,9	23,3	26,6	24,8	25,2	25,64
Enska		27,4	29,6	27,8	24,3	28,9	22,3	25,5	25,5	27,9	24,75	26,40
Danska		30,4	33,3	32								
Meðaltal landsins er sett á 30,0.												
Færri þreyta próf í dönsku en öðrum greinum												

Niðurstöðurnar sem birtast hér að framan eru í stuttu máli þær að bæði í íslensku og stærðfræði eru nemendur of oft að fá lægri raðeinkun í 7. og 10. bekk miðað við prófið sem þeir tóku í 4. bekk, þau ná ekki að halda stöðu sinni í samanburði við jafnaldra sína á landinu öllu. Undantekningar eru þó á þessu hvað varðar stærðfræðina en hún hefur heldur verið á uppleið síðustu ár þá prófið 2013 hafi ekki náð landsmeðaltali í 10. bekk.

Í leit að leiðum til að bæta árangur skólans í samræmdum prófum hefur ýmislegt verið rætt sbr. Sjálfsmatsskýrslu grunnskóla hornafjarðar, Textagreining og annað mat 2013, sjá á slóðinni: http://www.hornafjordur.is/media/vor-2013/textagreining_og_annað_mat_2013.pdf. Á skólaárinu 2013 – 2014 hefur verið unnið áfram með þætti sem greint er frá í þeirri skýrslu en þar vó þyngst að **efla lestur nemenda**, jafnt ánægju þeirra af lestri sem og almenna færni.

Þó fram komi vísbendingar um að árangur nemenda í skólanum geti verið að batna er mikilvægt að vinna áfram markvisst að bættum árangri. Starfsfólk skólans skoðaði sérstaklega hvaða leiðir væru álitlegar hvað varðar íslensku og stærðfræði og eru þær niðurstöður birtar hér á eftir.

Íslenska

Mat á samræmdum prófum, íslensku.

Vinnulag: Staðan var metinn af þremur matshópum, með 18 starfsmönnum á vinnufundi 20. janúar 2014.

Sterku hliðarnar okkar:

- Við höfum sameiginlega sýn og höfum fullt af reynslumiklum kennurum sem geta miðlað af reynslu sinni.

Það sem þarf að bæta:

- Sérkennslan þarf að vera til staðar.
- Við verðum að virkja foreldrana betur.
- Mannauður sem þyrfti að stýra og styrkja meira.
- Skýrari vinnuáætlun sbr. námskrá
- Lestur og lestraráhugi
- Góð lestrarstefna
- Viðhorf til náms
- Ábyrgð og metnaður
- Meiri kröfur
- Skýr námskrá

Tillögur um aðgerðir:

- Deildarstjóri þarf að fara yfir verksvið stuðningsfulltrúa ásamt umsjónarkennara að hausti og oftast ef þarf til að hæfileikar allra njóti sín sem best.
- Hlúa betur að lestrarstefnunni, Leið til læsis. Hún nær helst til yngra stigs og ýmis gögn eru til fyrir eldri bekkir og nýtast.
- Við erum komin af stað með ákveðna nálgun í lestarnámi. Bækurnar eru lesnar og unnið út frá textanum. Þannig getum við skapað orðræðu og vinnu sem dregur með sér alla nemendur. Tilgangurinn er að glæða áhuga á textanum og skapa einhverja nýja hugsun út frá honum. Með auknum lestri og vinnu með texta eflist máltilfinning, stafsetning og réttitun. Í

raun má leiða að því líkur að „hefðbundin“ stafsetningakennsla sé betur borgið með auknum lestri heldur en með aukinni stafsetningakennslu. Með því að vera með lestrar“vörður“ þá geta allir starfsmenn skólans vitnað í bækurnar við hvert tækifæri sem gefst, í leik og starfi.

- Lestaráttak
- Aukin samvinna við samfélagið.

Þróunaráætlun *samræmd próf* - íslenska

Markmið með umbótum:

- Efla áhuga og virkni nemenda svo árangur þeirra verði betri.

Tafla 2

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Gera meiri kröfur til nemenda og vera samstíga í því, einnig við foreldrasamfélagið. Leggja áherslu á jákvætt viðhorf gagnvart lestri og öllu námi. Ýta undir ábyrgð og metnað hjá nemendum.	Kennarar, foreldrar og allir starfsmenn	Alltaf, lýkur aldrei	Skýra stefnu, vilja og samstöðu	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Skýr námskrá	Kennarar	vorið 2014		
Virk lestrarstefna! Efla mál- og lesskilning með meiri lestri. Auka lestur og efla lestraráhuga.	Kennarar, foreldrar, allir starfsmenn og eldri borgarar	vorið 2014 Í sífelldri endurskoðun	Hvetja nemendur til lesturs og umræðna	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Hagnýt námskeið í íslensku, hvernig gera má kennsluna árangursríkari – námskeið fyrir allt starfsfólk!	Allir geta komið með tillögu, ákvörðun tekin af stjórnendum í samráði við kennara	Sem fyrst	Áhuga og vilja allra starfsmanna	Betri kennarar – Hærri einkunnir Bera saman einkunnir frá ári til árs.
Markvissari kennsla í þáttum sem koma illa út sbr. ritun og stafsetning – Nýta niðurstöður prófa sem tækifæri, ekki setja ofan í skúffu.	Kennarar, foreldrar og allir starfsmenn	Lýkur ekki, sífellt í endurskoðun	Skýra stefnu, vilja og samstöðu	Verkefni, kannanir og samræmd próf

Stærðfræði

Mat á samræmdum prófum, stærðfræði.

Vinnulag: Staðan var metinn af þremur matshópum, með 18 kennurum á vinnufundi 20. janúar 2014.

Sterku hliðarnar okkar:

- Við höfum sameiginlega sýn og höfum fullt af reynslumiklum kennurum sem geta miðlað að reynslu sinni.
- Við viljum öll ná betri árangri og erum tilbúin til samvinnu.

Það sem þarf að bæta:

- Aga og vinnufrið
- Efla þarf metnað
- Virðing fyrir metnaði og vinnu annarra
- Það eru of margar aðferðir sem kenndar eru.
- Það er verið að pakka öllum inní sama pakkann.
- Nýtum okkur betur aðstoð annarra kennara.
- Vantar massíva endurtekningu í stærðfræði

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

- Agi og vinnufriður
- Ábyrgð og metnaður
- Kennsluhættir
- Viðhorf skólans og markmið okkar

Tillögur um aðgerðir:

- Vinna með aga og eftirfylgni. Fara vel yfir þær leiðir sem eru fyrir hendi og hvernig við tökum á vinnufrið í bekkjunum.
- Ræða við nemendur um hvernig hægt er að bæta árangur
- Stærðfræði þarf að vera áfangatengd, stærðfræði þyrfti að vera kennd á sama tíma á stundatöflu hjá 2-4 bekk síðan geta nemendur farið í sína / (getuskiptu hópa)
- Betri samvinna milli kennara og greina. Reynum að koma mikilvægi stærðfræðinnar inn í aðrar greinar s.s. með mælingum og tölfræði í íþróttum og smiðjum. Virkja þarf sérgreinakennara og smiðjukennara til að styðja undir stærðfræðina í tímum hjá sér.
- Stærðfræðikennarar þurfa að stýra áherslum t.d. með því að senda kennurum hvers árgangs ákveðin bréf (láta t.d. vita, í þessari viku vinnum við með meðaltal)
- Gera stærðfræðiþraut fyrir nemendur og foreldra til að vinna saman – ein þraut í mánuði fyrir fjölskylduna. Svárið kemur í vikupósti og á heimasíðunni.
- Hægt er að vinna markvisst eftir prófunum, þjálfá prófatöku.
- Skoða hvað skólar sem eru að skora hátt eru að gera og hvað eru þeir að gera öðruvísi en við?

Þróunaráætlun samræmd próf í stærðfræði

Tafla 3

<i>Hvað þarf að gera?</i>	<i>Hver á að gera það?</i>	<i>Hvenær á því að vera lokið?</i>	<i>Hvað þarf til?</i>	<i>Hvernig á að meta árangurinn?</i>
Agi og vinnufriður.	Kennarar, starfsmenn og nemendur	Aldrei	Nýta vinnuferla sem eru í starfsmannahandbók	Með könnunum, foreldra, nemenda og starfsmanna
Gera meiri kröfur til nemenda og vera samstíga í því, einnig á foreldrasamfélagið. Leggja áherslu á jákvætt viðhorf gagnvart stærðfræði og öllu námi. Ýta undir ábyrgð og metnað hjá nemendum.	Kennarar, foreldrar og allir starfsmenn	Alltaf, lýkur aldrei	Skýra stefnu, vilja og samstöðu	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Skýr námsmarkmið í stærðfræði	Allir	Aldrei	Skýra stefnu, umræður, vilja og samstöðu	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Kennsluaðferðir	Allir	Aldrei	Skýra stefnu, umræður, vilja og samstöðu	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Skoða hvað aðrir sambærilega skóla sem eru að ná árangri, hvað eru þeir að gera.	Stærðfræðikennarar og skólastjórnendur	Vetur 2014	Heimsækja aðra skóla á starfsdögum	Verkefni, kannanir og samræmd próf
Nýta tækifærin sem gefast í öðrum fögum í að ræða um stærðfræði	Allir þegar tækifæri gefst	Aldrei	Samræður og vilja	Verkefni, kannanir og samræmd próf
T.d. gera stærðfræðiþraut fyrir nemendur og foreldra til að vinna saman – ein þraut í mánuði fyrir fjölskylduna. Svarið kemur í vikupósti og á heimasíðunni. Engin verðlaun.	Umsjónarkennarar og stærðfræðikennarar			

Annar árangur

Í framhaldi af þeirri rýni og þeim niðurstöðum sem eru settar fram í töflum 2 og 3 þá var unnið í rýnihópum stiga (yngra og eldra stig) að því hvernig efla má aðra þætti skólafestsins, þ.e. **aga, kröfur, áhuga og metnað**. Niðurstöður þeirrar umræðu vour þessar:

Árangur, hvernig getum við bætt hann?

Niðurstöður funda 29. janúar 2014

Agi

- Fylgja eftir skólareglunum, samræma þær og vera samstíga í að fylgja þeim eftir.
- Allir láta sig alla nemendur varða. Við erum samábyrg.
- Æfa markvisst þögn/vinnufrið, þjáfa hlustun.
- Vinna eftir UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR.

Kröfur

- Vera óhrædd við að gera kröfur á nemendur, bæði í námi og öllum samskiptum.
- Gera kröfur um leið og við mætum nemendum þar sem þeir eru staddir.
- Gera kröfur um gagnkvæma virðingu í öllum samskiptum milli nemenda þeirra á milli og milli nemenda og starfsfólks.
- Gera kröfur á starfsfólk (okkur sjálf) að vera samstíga.

Áhugi

- Hjálpa nemendum að finna áhugasvið sitt og tengja það inn í námi þeirra.
- Tala jákvætt um námið og hjálpa nemendum að sjá tilganginn með náminu.
- Nota fjölbreyttar leiðir og fjölbreytt námsefni í kennslu.
- Kynna fjölgreindarkenningu Gardners fyrir nemendum.
- Mæta nemendum á þeirra forsendum (áhugi og geta - einstaklingsmiðun)
- Fá heimilin með okkur til samstarfs.

Metnaður

- Efla sjálfstraust nemenda, allir eru góðir í einhverju.
- Fá nemendum verkefni við hæfi og tengja þau áhugasviði.
- Nemendur meti eigin vinnu.
- Nýta markmiðasetningu og áætlun.
- Efla samtál heimila og skóla.


Hvað ætla ég sem starfsmaður að gera til að fylgja eftir þessum þáttum sem við ákváðum í sameiningu að stuðlað geti að betri árangri nemenda?

Skólapúlsinn

Niðurstöður úr skólapúlsinum eru ræddar í rýnihópum starfsmanna og með nemendum eftir því sem við á, í hvert skipti sem þær birtast. Niðurstöðurnar eru ekki settar fram í sér skýrslu heldur tengdar inn í aðrar svo sem þessa skýrslu og skýrsluna Líðan nemenda – einelti.

Í könnunum Skólapúlsins kemur fram í mati nemenda að sú áhersla sem lögð hefur verið á að efla lestur hefur skilað sé í aukinni ánægju þeirra af lestri, sjá mynd 1. Þar eru teknar saman niðurstöður frá árinu 2009 – 2014 á því hver ánægja nemenda af lestri er. Landsmeðaltalið er 5 og hafa nemendur Grunnskóla Hornafjarðar svarað því til að frá árinu 2012 hefur ánægja þeirra af lestri verið að aukast og fór hún yfir landsmeðaltal 2013 og áfram 2014.

Vinna við lestrarstefnu Grunnskóla Hornafjarðar er á lokametrunum og verður fyrstu útgáfu af henni lokið fyrir skólabyrjun haustið 2014.



Niðurstöður á mælingum á lestrarfærni nemenda, leshraða og lesskilningi eru ekki settar fram að þessu sinni, það verður gert vorið 2015.

Sem áframhaldandi vinna við að bæta árangur nemenda í námi hefur verið farin sú leið að leita eftri samstarfi við Reykjanesbæ en þeir hafa beitt aðferðum sem hafa skilað þeim góðum árangri á því sviði. Það verkefni er unnið í tengslum við nýja menntastefnu sveitarfélagsins og heldur fræðslustjóri Ragnhildur Jónsdóttir utan um það verkefni.

Megin stefnan í aðferðum Suðurnesjamanna er að nýta vel öll skimunarpróf sem tekin eru í lestri og stærðfræði til að forma leiðir fyrir hvern og einn nemanda svo best verði hægt að styrkja hann og efla í sínu námi.

Spjaldtölvuvæðing

Vorið 2013 hófst innleiðing I-pad vinnu í Grunnskóla Hornafjarðar. Í Sæmundur Helgason, Sunna Guðmundsdóttir og Kristín G. Gestsdóttir voru fengin til að halda utan um þá vinnu og skila þau af s'r þessari samantekt.

Eftir fyrsta námskeið í haust var farið af stað með því að hittast einu sinni í viku á fimmtudögum kl. 14:00 í hvoru húsi fyrir sig og einu sinni í mánuði saman á sama tíma. Mæting var yfirleitt góð. Markmið hittingsins var að spjalla saman um vandamál sem upp komu í notkuninni og að mæla með nýjum öppum sem við höfðum fundið. Tengingarvandamál voru mikil í upphafi en vel heppnuð vinna með spjaldtölvur byggir á góðu sambandi. (ekki verður þetta rætt meir)

Eftir jól varð hittingurinn ekki eins markviss en þó hittumst við. Undirbúningurinn fyrir þessa fundi var sá að fundarmenn ættu að vera búnir að ígrunda hvernig vinnan með pöddurnar gengi fyrir sig með nemendum og sjálfum sér.

Ekki bar á öðru en allir væru sáttir við þennan hitting í báðum húsum þó komu upp raddir sem voru ósáttar við tímamann sem fór í hittinginn því hann hafi verið tekinn af undirbúningstíma.

Við í undirbúningshópi viljum þó benda á að þennan tíma er æskilegt að taka af undirbúningstíma. Þar sem verið er að fjalla um kennsluverkefni og vinnu við þau.

Við fórum þess á leit við kennara að skila inn til okkar samantekt um sína vinnu og sendum eftirfarandi spurningar til allra.

Hvað hefur þú gert með i-pad í vetur?

Hvaða verkefni hafa nemendur þínir gert í i-pad í vetur?

Hvaða hnökra hefur þú rekið þig á? (Fyrir utan netsamband, mátt minnast á það en ekki of langt mál)

Hvað sérðu fyrir þér með verkefni á næsta skólaári?

Hver finnst þér að eigi að vera næstu skref okkar í spjaldtölvuvæðingu og hvenær ætti að stíga þau?

Og í lokin væri gott að fá að heyra hvort þú ert ánægð/ur með spjaldtölvuna? Hverjar væntingar þínar voru? Og hvort vinnan í vetur hefur staðist væntingar þínar?

Samantekt hvaða „ÖPP“ voru notuð

Hvað hefur þú gert með i-pad í vetur? Hvaða verkefni hafa nemendur þínir gert í i-pad í vetur?

Hér voru tekin saman þau forrit sem kennarar nefndu í greinargerðum sínum. Tekið skal fram að allir töluðu ekki um forritin heldur lýstu kannski verkefnum frekar líkt og „himintunglaforritum“. Þá vitum við ekki hvað um ræðir.

Forrit	Kennsluhugmyndir	árgangur
I-movie GÚ/SH/KG ofl.	Myndbönd, klipping, hljóð	1. – 10. bekkur
i-books	Skil á heimildaritgerð	9. bekkur
Prezi / Keynote / Power point	Kynningarforrit	4. – 10. bekkur
QR kóði GÚ	Vefslóðir og ratleikur	9
Animation / Lyan 3d Animation hd / AD Free IS / ER/ LM/ KG / SH ofl.	Teiknimyndagerð	Val 7 – 10 bekkur
Planbook SG/ FH/	Skipulagsforrit	Starfsfólk
Puppet pals 2 IS / ER SG / GJ ofl.	Brúðuleikhús	1. - 10
LogL / Bitsboard SG/ GJ	Lestur og Íslenska	1. og 2. bekkur sérkennsla

Textagreining og aðrar kannanir, samantekt 2014

Pages	Ritvinnsla	1. – 10. bekkur
I tunes / hljóðbækur / EI/ SG	Hljóðbækur, playlistar	1. – 10. bekkur
U talk Icelandic / i-translate SG/ EI / OFL	Íslenskukennsla	1. – 10. bekkur
4 picks/ learn and play english SÓ	Enskukennsla	Sérkennsla
Math dual / algebra pro/ exel SG/ NDR	Stærðfræði	7. - 10
Geogebra / Geometry try it NDR	Stærðfræði, jöfnur og gröf Rúmfræði	7 – 10
Numbers NDR	Tölfræði	10.
Doodle cast pro NDR	Spegluð kennsla	9
My scribt memo NDR	Rúmfræði	9
Stop motion ER / IS	Enskuverkefni	9. - 10
Word press GM	Heimasíðugerð	7
Chicken Coop Fraction GM	Brot	7
	Himintungla kennsluleikjaforritum SA	3
Notability SÓB/KGG/	Glósu og upptökuforrit	7 – 10 kennarar starfsfólk, sérkennsl
GoodReader SÓB	Hljóðbækur	7 – 10
Educreation IS	Endurgjöf á verkefnum	kennarar
Wee Kids ABC IS	Málfræði / orðaforði enska	9.
Play with english IS	Enskuleikur	9.
Photo comic IS	Myndasöguverkefni	6.
Vine SH	Orðtaka verkefni / málshættir	Smiðja 8 - 10
Beat pad SH	Taktforrit og forrit	9 – 10 smiðja
Garage band SH	Tónlistarforrit	7 – 10 smiðja
Action movie SH	Brelluforrit	7 – 10 smiðja
Chess SH	Skák	Val 7 - 10
Multiplication SÓB	Margföldun	4.
Math Bingo SÓB	Stærðfræði Bingó	4
Story Creator LHM	Sögurammi	7 – 10

Hnökrar iPad vinnu

Hvaða hnökra hefur þú rekið þig á?

- Ljóst er að lykilatrið vinnunnar með spjaldtölvur er gott netsamband. Í vetur lentu kennarar reglulega í vandræðum með tengingar bæði hvað varðar pöddur og pc tölvur. Þetta þarf að lagast. Ítrekað kom fyrir að samband var ekki inni og má segja að það sé það eina sem kennarar kvarta yfir. Grunnþjónustan frá tölvuþjónustunni var ekki í lagi á tímabili.
- Að kaupa fullan aðgang að forritum reyndist líka erfitt eftir að hafa prufað forritin í ókeypis útgáfu og svo átti að uppfæra þau í stærra þá reyndist það erfitt.
- Með því að hafa marga Ipada sem margir hafa aðgang að hafa kennarar lent í því að búið er að eyða verkefnum frá nemendum og ljósmyndum o.fl.
- Fullvinnsla verkefna hefur líka tafist þar sem ekki eru nema tvær I mac sem skólinn hefur aðgang að og svo ein í félagsmiðstöðinni.
- Skráningarkerfið varðandi Ipada. Kennarar voru ekki nógu duglegir við að skrá hjá sér það sem þeir voru að nota og ætluðu sér að nota fram í tímann.
- Nemendur hafa átt í vandræðum með að tileikna sér ský möguleikana.
- Virkja betur „drop – box“ eða svipaðar lausnir.
- Forritin misjöfn sum styðja vistunarmöguleika yfir í Drop box meðan önnur styðja Google drive
- Ókeypis forrit útgáfa sumra forrita býður ekki upp á vistunarmöguleika.
- Ekki gefið sér tíma til að læra nógu vel á pödduna og tileinka sér hana í kennslu.
- Nemendur hafa fyllt einstaka Ipada af leikjaforritum og myndum.
- Nemendur of íhaldssamir og vildu frekar nota pc en pöddur.

- I – mac – þarf að vera á stað þar sem nemendur og kennarar geta unnið í honum án þess að lenda í því að trufla aðra.
- Nauðsynlegt að hafa skjávarpa í öllum stofum á öllum stigum með þráðlausu neti.
- Tengingarvandræði við Air server og air drop

Kostir iPad vinnu

Margt gott hefur verið unnið með spjalddölvurnar í vetur og almenn ánægja með þær. Þetta er frábært verkfæri til sköpunar og er klárlega framtíðin í námi og vinnu. Þægindin við að hafa mynd, hljóð, úrvinnslu í einu og sama tækinu er mikill kostur. Það er mikil hvattning til sköpunar og styttr allar leiðir til úrvinnslu verkefna. Það er ánægjulegt að sjá hversu margir kennarar eru að notfæra sér pöddurnar til vinnu og náms. Enn hefur ekki neitt verkfæri klikkað. Það eru ekki nein bilanatíðni sem verður að teljast gott því þetta eru nálægt 100 tækjum sem nemendur og kennarar eru að nota dag frá degi.

Það er ótrúlega mikill kostur að kennarar hafi haft kost á að fá iPad til notkunar í vinnu og einkalífi það hefur verið lykillinn að öllu því góða starfi sem fram hefur farið í vetur. Hann hefur gefið okkur allt öðruvísi tækifæri til skipulagningar og undirbúnings. Hver og einn hefur getað nýtt sér tækið og aðlagð það sínum þörfum.

Næstu skerf og verkefni

Hvað sérðu fyrir þér með verkefni á næsta skólaári?

- Forritun
- Tónlistarsköpun
- Bæta við þekkingu
- Opin heimasíða þar sem verkefnin eru sýnilegri og þróunarvinna okkar.
- Útprentanir beint úr pöddu
- Nemendur fái sína eigin pöddur
- Tími á deildarfundum gefinn til að kynna verkefni og öpp
- Í þadar í vöruhúsið
- Visst margar pöddur á hvern bekk
- A.m.k tvær I mac í viðbót í Heppu.
- Útbúa stúdíó og green screen stofu
- Ráða verkefnisstjóra (deildarstjóri í upplýsingatækni 50% kennslustaða)

Samantekt

Niðurstaðan okkar er sú að almennt er mikil ánægja með skóla og starfsmannapöddur. Fólk er tilbúið til að halda áfram og er ekki eins hrætt við að prófa nýja hluti. En það sem kemur okkur á óvart er sá fjöldi forrita sem voru í notkun við vinnu nemenda.

Greinargerðir frá starfsmönnum eru mjög skemmtileg lesning, mikill fróðleikur og augljóst að fólk hefur lagt sig fram við vinnuna. Hún hefur gefið góða innsýn inn í starfið s.l. vetur. Okkur þótti vænt um góð orð í okkar garð. Sjálf erum við ánægð með að hafa fengið þetta tækifæri að aðstoða starfsmenn því sú vinna var þakklát, og skilar sér í góðu samstarfi.

Það er ljóst að allir vilja halda áfram að þróa vinnu sína með pöddunum. Flestir voru þegar komnir með hugmyndir að framtíðarsýn.

Við teljum þessa innleiðingu hafa aukið samstarf á milli árganga í báðum húsum. Enginn dagur var pöddulaus í skólanum. Sem er ánægjulegt. Takk fyrir samstarfið sem vonandi heldur áfram